

Signý Gunnarsdóttir

Umhverfisstofnun
Áb.
26. jan. 2018
Tilv.

Vestmannaeyjum 24. janúar 2018
UST201711-114/P.V.B.
11.16

Efni: Undanþága - innflutningur - silkiormur

Umhverfisstofnun hefur móttakið erindi Signýjar Gunnarsdóttur þar sem óskað er eftir leyfi til innflutnings á 50.000 eggjum silkiormsins (*Bombyx mori*), dags. 7. nóvember 2017, frá silkiræktunarstöð í Búlgariú til tilraunaræktunar. Ræktun silkiormsins mun fara fram í upphituðu iðnaðarhúsnæði í Grundarfirði. Með umsókninni fylgdi áhættumat vegna innflutningsins.


Óskað var eftir viðbótargögnum í tölvupósti 15. nóvember. Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var umsókninni vísað til umsagnar hjá sérfræðinefnd um innflutning framandi lífvera 21. nóvember. Beiðni um viðbótargögn barst frá nefndinni 27 og 28. nóvember. Umsögn nefndarinnar barst Umhverfisstofnun þann 19. desember 2017. Í umsögn nefndarinnar kom fram að hverfandi líkur séu á að einhver hætta stafi af ofangreindum innflutningi á silkiormum fyrir íslenskt vistkerfi og telur nefndin því ekki ástæðu til að leggjast gegn honum enda séu önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.

Umhverfssstofnun hefur farið yfir umsókn umsækjanda, áhættumat og umsögn sérfræðinefndar. Að mati Umhverfisstofnunar er litlar líkur á að lirfur silkiormsins geti lifað í íslensku vistkerfi. Lirfurnar eru háðar ákveðnum umhverfisaðstæðum til að lifa af og eru ræktaðar í stýrðu umhverfi. Þar sem flugurnar eru ófleygar þá er jafnframtí til hætta á slysasleppingum. Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leiti innflutning Signýjar Gunnarsdóttir á 50.000 eggjum silkiorms til tilraunaræktunar.



Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri

Virðingarfyllst



Pórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur